

Sæl vertu Ólöf,

Ég heiti Fannar Ingi og ég er forsprakki indie-tónlistarkonceptsins Hipsumhaps, frá Álftanesi. Við gáfum út plötuna okkar 'Best gleymdu leyndarmálin' fyrir ári síðan og höfum fagnað velgengni þrátt fyrir veður og vinda þessa árs.

Við höfum fengið ágætis spilun og vakið athygli fyrir áhugaverðar laga- og textasmíðar um íslenskan hversdagsleika. Við hlutum m.a. þrjár tilnefningar til Hlustendaverðlauna og sex tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna þar sem við fengum viðurkenningu sem Bjartasta vonin og Lag ársins í rokki fyrir lag okkar 'Fyrsta ástin'. Í sumar var frumsýnd mynd um okkur á RÚV sem ber heitið 'Svarthvítur draumur'. Þar fórum við yfir stöðu mála ásamt því að mála upp fallega mynd af Álftanesi þaðan sem allt saman hófst - vinátta okkar Jökuls Breka í vinnuskólanum árið 2013.

Þessa daganna erum við að vinna hörðum höndum að því að taka upp aðra plötu. Metnaðurinn er mikill og gengur vel að semja og taka upp ný lög. Við erum að velta því fyrir okkur hvort að Garðabær sé til í að styrkja okkur sem listamenn í þessari vegferð okkar. Allur styrkur myndi renna beint í gerð plötunnar. Mikið eða lítið - við yrðum virkilega þakklátir fyrir allan stuðning. Er það ekki bara stemming? :)

Kveðjur, Fannar Ingi